

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.10.2015
Málalýkill	10.0
Mál nr.	1510170

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Álftanesi, 10. október 2015

Efni bréfs: Almenningsamgöngur á Álftanesi.

Ágæta bæjarráð Garðabæjar.

Mig langar til að vekja athygli ykkar á lélegum almenningssamgöngum við Álftanes í Garðabæ.

Á Álftanesi búa um 2500 manns. Það eru vandfundin hverfi á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á jafn lélegar almenningssamgöngur á kvöldin og á helgi- og sunnudögum og Álftnesingum eru boðið upp á. Þá eru meira að segja betri samgöngur til fjarlægari staða eins og Selfoss, Akraness og Reykjanesbæjar.


Strætó gengur á Álftanes virka daga á 30 mínútna fresti (nema frá kl. 10-14) en síðasti vagninn fer frá Ásgarði kl. 20.17. Reyndar er hægt að panta vagn kl. 23.17 en það þarf að gera með 60 mínútna fyrirvara. Á sunnu- og helgidögum ganga engir reglulegir vagnar til Álftaness, en hægt er að panta vagn á þremur föstum tímum.

Það er ósk mjög margra Álftnesinga að almenningssamgöngur batni sem allra fyrst. Það er lágmarkskrafa að strætó gangi á 30 mínútna fresti allan daginn (án þess að sleppt sé fjórum ferðum) og það verða að vera samgöngur á amk. 60 mínútna fresti á kvöldin og á sunnudögum og helgidögum.

Þá vil ég einnig benda á að það er kominn tími til að breyta akstri leiðar 23, sem þjónustar okkur, en hann ekur um Ásabraut. Fyrir íbúa þar nærri ætti að vera lítið mál að ganga yfir nýju göngubrúna út á Hafnarfjarðarveg en þar stoppa vagnar ört. Nær væri að vagn 23 æki Hraunholtsbraut og Vífilstaðaveg sem leið liggur í Ásgarð. Bið ég ykkur um að skoða þessa tillögu vandlega.

Að lokum langar mig að spyrja hver sé framtíðarsýn ykkar á samgöngum til Álftaness? Munu samgöngur batna í nánustu framtíð?

Með góðri kveðju



Eygló Ingadóttir
Sjávargötu 19
Álftanesi.